

áfrýjanda beri skaðabætur fyrir þrasetu hins stefnda á eign hans, og með því að eigi hefur verið mótmælt upphæð skaðabótakröfu hans, ber að taka hana til greina, og dæma til handa honum 100 kr. í þessu skyni. Svo verður og eptir þessum málavöxtum að skylda stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað, er þykir mega ákveða 50 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði fógetarjettarúrskurður er úr gildi feldur, og ber hlutaðeigandi fógeta að framkvæma hina umbeðnu útburðargjörð.

Hinn stefndi, Guðmundur Jónsson, á að greiða áfrýjanda, Jóni Jónssyni Vaagfjörð, skaðabætur að upphæð 100 kr., og málskostnað að upphæð 50 kr., er hvorttveggja lúkest innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 26. nóvembermán.

Nr. 44/1888.

Hið opinbera

gegn

Jóni Þóroddssyni og

Stefáni Pálssyni.

Dómur:

Með dómi lögreglurjettar Gullbringu og Kjósarsýslu, gengnum 15. dag júnímán. þ. á., voru hinir kærðu, vinnumaður Jón Þóroddsson á Auðnum í Vatns-

leysustrandarhreppi og Stefán bóndi Pálsson á Stóru-Vatnsleysu í sama hreppi, dæmdir í 30 kr. sekt hvor þeirra fyrir brot gegn 1. gr. í fiskiveiðasamþykkt fyrir Rosmhvalanesshrepp innan Skaga, Vatnsleysustrandar-, Garða- og Bessastadahreppa, út gefinni 11. jan. 1888, og til að lúka málskostnaði að helmingi hvor þeirra.

Þessum dómi er að beiðni hinna kærðu skotið til yfirdómsins.

Hinn 31. dag marzmán. þ. á. tók hinn skipaði tilsjónarmaður í Vatnsleysustrandarhreppi, Magnús Magnússon í Landakoti, upp netatrossu, er hinn kærði Jón Þóroddsson átti með, og 3 net af trossu, er hinn kærði Stefán Pálsson átti, og flutti í land.

Magnús hefur sjálfur borið svo og hásetar hans, að öll netatrossa Jóns og að minnsta kosti 3 net af trossu Stefáns hafi legið fyrir utan línu þá, sem bannað er að leggja fyrir utan, og virðist því næg sönnun vera fengin fyrir því, að net þau, sem hann tók upp, hafi legið fyrir utan línuna þegar hann tók þau.

Á hinn bóginn hafa hinir kærðu fastlega neitað því, að þeir hafi lagt net sín fyrir utan línuna, og þessi neitun þeirra styðst við mörg samhljóða vottorð. Það verður því ekki gegn neitun þeirra álitid sannad, að þeir hafi brotið gegn ofannefndri samþykkt 11. jan. 1888, og ber því að dæma þá sýkna af ákæru hins opinbera í þessu máli, og greiðist málskostnaður úr opinberum sjóði.

Rekstur málsins í hjeradi verður ekki vittur, og sókn og vörn þess fyrir yfirdómi hefur verið lög-mæt.

Hinum skipaða sóknara og verjanda bera í málflutningslaun 8 kr. hvorum þeirra, er greiðist af almannafje.

Því dæmist rjett að vera:

Hinir kærðu, Jón Þóroddsson og Stefán Pálsson, eiga að vera sýknir af kærum hins opinbera í máli þessu.

Allur málskosnaður, þar með talin málflutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfir dómi, málflutningsmannanna Guðlaugs Guðmundssonar og Páls Briem, 8 kr. til hvors þeirra, greiðist af almannafje.

Mánudaginn 3. desembermán.

Nr. 1/1888.

Jónas Símonarson

gegn

Jóhanni L. Sveinbjarnarsyni.

Dómur:

Hinn stefndi í máli þessu, presturinn Jóhann L. Sveinbjarnarson, var oddviti í hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps árið 1885/1886, og samdi jafnaðar-reikning hreppsins fyrir þetta ár; í reikningi þessum taldi hann gjöld til Hólmaprests og Hólmakyrkju, er nokkrum sveitar-þurfalingum bar að inna af hendi, meðal útgjalda hreppsins, enda hafði hann greitt gjöldin fyrir þessa gjaldþegna úr sveitarsjóði. Þegar reikningur þessi var endurskoðaður, gjörði endurskodari athugasemd við hann að því er áminnta